

FUNDARGERÐ
264. fundur

Í hreppsnefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 21. júní 2007 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Mættir: Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Gústaf J. Ólafsson og Eygló Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð. Fundargerð færð í tölvu og er hún 2 blaðsíður.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 263. fundar hreppsnefndar 10. maí 2007.
Engar athugasemdir – fundargerðin samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 24. maí 2007.
1. liður. Umsækjandi um skólastjórstöðu var ekki tilbúin að svara varðandi ráðningu. Auglýst var aftur eftir skólastjóra. Mennta- og menningarmálanefn er falið að fjalla um umsóknir aftur.
Aðrir liðir samþykktir.
3. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 19. júní 2007.
Engar athugasemdir – fundargerðin samþykkt.
4. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 19. júní 2007.
Engar athugasemdir – fundargerðin samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Bréf (ódagsett) frá Icefitness með beiðni um styrk vegan Skólahreysti.
Erindinu hafnað.
2. Bréf dags. 1. maí 2007 frá Dropanum, styrktarfélagi barna með sykursýki með ósk um fjárstuðning.
Samþykkt að styrkja verkefnið um 10.000.- kr.
3. Bréf dags. 31. maí 2007 frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga með hvatningu til að ljúka samþykktum og gjaldskrá um gatnagerðargjöld.
Skipulags- og bygginganefnd falið að vinna tillögur að nýrri samþykkt og gjaldskrá um gatnagerðargjöld og að því verði lokið fyrir 1. október 2007.
4. Bréf dags. 16. maí 2007 frá Félagsmálaráðuneytinu með ósk um umsögn um tillögur að frumvarpi til laga um réttindi og skyldur eigenda og leigjenda lóða í skipulagðri frístundabyggð.
Erindinu frestað til næsta fundar.
5. Bréf frá Sýslumanninum á Patreksfirði með ósk um umsögn um endurnýjun á leyfi til reksturs gistingar á einkaheimili í Grænararði og reksturs gistiheimilis í Krákuvör, Flatey.
Engar athugasemdir gerðar við leyfisveitingu.
6. Bréf frá Sýslumanninum á Patreksfirði með ósk um umsögn um starfsleyfi til reksturs gistiskála í Djúpadal.

Engar athugasemdir gerðar við leyfisveitingu.

7. Bréf dags. 7. maí 2007 frá Þorsteini Bergssyni fyrir hönd Vatnsveitu Flateyjar með beiðni um að sveitarfélagið komi að vatnsveituframkvæmdum í Flatey með beinum hætti, þ.e. taki þátt í fjármögnun framkvæmda.
Hreppsnefnd líst vel á að gerðar verði úrbætur á vatnsmálum í Flatey, en óskar eftir frekari upplýsingum um kostnaðaráætlun og rekstrarfyrirkomulag svo hægt verði að taka ákvörðun um mögulega aðkomu sveitarfélagsins að framkvæmdinni.

Mál til kynningar:

1. Bréf dags. 25. maí 2007 frá Héraðsnefnd Strandasýslu með tilkynningu um að Arnar Jónsson, Strandabyggð hafi verið tilnefndur sem aðalfulltrúi Strandasýslu og Reykhólahrepps í Menningarráð fyrir Vestfirði. Tilnefningin gerð í samráði við oddvita Reykhólahrepps.
2. Bréf dags. 5. júní 2007 frá Forsætisráðuneytinu með beiðni um að jafnréttisgátlista verði dreift til þeirra er koma að stefnumótun á vegum sveitarfélagsins.

Önnur mál, löglega upp borin, ef einhver.

1. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.
Karl leggur til óbreytta skipan, tillagan samþykkt og þakka þeir Gustaf Jökull oddviti og Egill varaoddviti sýnt traust.
2. Umsóknir frá Þránni Hjálmarssyni, Herði Grímssyni og Daníel Jónssyni um leyfi til að stunda heyskap á túnum Fóðuriðjunnar í Ólafsdal og flytja hey yfir Gilsfjarðarlínu að Hríshóli, Tindum, Bakka og Ingunnarstöðum. Umsóknirnar samþykktar samhljóða.
3. Starfsmannamál hreppsskrifsstofu.
Málið rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)